

RS-VÍRUS HJÁ BÖRNUM

HÖFUNDUR:
SIGURÐUR KRISTJÁNSSON, BARNLÆKNIR
SÉRGR. OFNÆMIS- OG ÓNÆMISSJÚKDÓMAR BARNA

UMSJÓN:
INGILEIF SIGFÚSDÓTTIR,
HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

TEIKNING:
BRYNJA BÖÐVARSDÓTTIR,
HJÚKRUNARFRÆÐINGUR



RS-VÍRUS

HJÁ BÖRNUM



BRÁÐAMÓTTAKA BARNA
FYRSTA ÚTGÁFA DESEMBER 1999
ÖNNUR ÚTGÁFA DESEMBER 2001
GAGNASMIÐJA LSH



BRÁÐAMÓTTAKA BARNA

RS (respiratory syncytial) vírus er kvefveira, en faraldrar af völdum þessarar veiru koma árlega á veturna og standa venjulega yfir í 2-3 mánuði. Hjá ungbörnum getur sýkingin valdið öndunarerfiðleikum vegna bólgu sem verður í smærri berkjum lungnanna. Veiran veldur annars kvefeinkennum og mörg börn fá einnig eyrnabólgu samfara sýkingunni.

HVERJIR SÝKJAST?

Fullorðnir og börn fá þessa sýkingu. Mikill meirihluti barna hafa fengið RS sýkingu við 2 ára aldur. Veiran veldur ekki langvinnu ónæmi og þess vegna er algengt að menn sýkist á ný í RS faröldrum.

SMIT

Smithætta er mest eftir snertingu við smitaðan einstakling, en veiran berst með nefslími eða munnvatni t.d. við hnerra og hósta. Árangursríkasta leiðin til að koma í veg fyrir smit er tíður handþvottur sérstaklega eftir snertingu við smitaðan einstakling.

EINKENNI

- Langflestir sem sýkjast fá í byrjun kvef, nefrennsli og svo nefstíflu. Hiti fylgir sýkingunni stundum, sérlega hjá litlu börnunum. RS sýkingin nær yfirleitt hámarki eftir 3-5 daga og langflestir eru einkennalítir eftir viku.
- Lítil börn og börn sem hafa þekktan astma fá stundum kröftugri einkenni í öndunarferum sem eru yfirleitt meira áberandi eftir því sem barnið er yngra.

LEITÐ LÆKNIS EF EFTIRFARANDI EINKENNI KOMA FRAM:

- A. Ef barnið þitt fær stutt öndunarstopp vegna kvefsins.
- B. Ef barnið fær astmaöndun. Einkenni byrja þá yfirleitt sem kvef og smávægilegur hósti og svo kemur surg, píp eða íl í brjóstið. Hröð öndun og jafnvel erfiði við öndun. Þessi einkenni koma yfirleitt 1-3 sólarhringum eftir upphaf sýkingar.
- C. RS veiran getur einnig valdið lungnabólgu en einkenni þá eru hiti hósti og hröð öndun sem getur verið erfið. Oft er erfitt að greina milli astmaeinkenna og lungnabólgueinkenna.
- D. Ef barnið drekkur illa og virðist vera að þorna. Merki um það eru t.d. þurr munnslímhúð, minnkuð tára- og þvagframleiðsla og að sjálfsgöðu ef barnið léttist.

MEÐFERÐ:

Heima:

Ef nef er stíflað er æskilegt að sjúga slím úr vitum og nota saltvatnsdropa. Hjá stærri börnum má nota dropa sem minnka bjúg í nefi. Ef hiti er hár er gefið hitalækkandi lyf samkvæmt leiðbeiningum. Gæta þarf þess að barnið drekki nóg.

Sjúkrahús:

Ef barnið hefur astmaöndun þá fær barnið innúðalyf sem víkkar lungnaberkjur og léttir á önduninni. Einnig eru stundum notaðar steratöflur eða innúðunarlyf sem minnka bólgu í berkjum. Ef barnið drekkur illa getur þurft að gefa vökva í æð. Sýklalyf hjálpa ekki gegn RS sýkingu.

ASTMI OG RS SÝKING

Flest börn sem fá RS sýkingu og astmaöndun fá ekki astma seinna meir. Lítil hópur barna fær þó astmaöndun samfara kvefi. Ef astmaöndun endurtekur sig oftár en þrisvar þá þarf að taka afstöðu til þess hvort barnið þitt hafi astma. Fáðu ráð varðandi þetta hjá læknum þínum.

**HÆGT ER AÐ HAFNA SAMBAND VIÐ LÆKNA
BARNASPÍTALA HRINGSINS Í SÍMA:**

560-1000